

Leiðbeinandi viðmið um eftirfylgni eftirlits

Eftirfarandi eru leiðbeinandi viðmið um eftirfylgni vegna frávika sem upp koma í eftirliti og beitingu þvingunarúrræða ef þörf er á. Þau eru byggð á verkferlum sem Umhverfisstofnun hefur unnið eftir og hefur góða reynslu af. Leiðbeiningarnar eru ekki bindandi en eru settar fram með því markmiði að auka samræmingu milli eftirlitsstjórnvalda í mengunar og hollustuháttaeftirliti hér á landi.

1. Frávik skráð.

Í þeim tilvikum þegar starfsleyfishafi uppfyllir ekki kröfur starfsleyfis, reglugerða eða laga, skráir eftirlitsmaður frávik í eftirlitsskýrslu. Við útgáfu eftirlitsskýrslu er eftirlitsþega veittur frestur til að bæta úr frávikinum eða senda inn tímasetta úrbótaáætlun.

Bæti starfsleyfishafi úr frávikum eða sendi fullnægjandi úrbótaáætlun innan frestsins sem veittur er í bréfi með eftirlitsskýrslu, úrbýr eftirlitsaðili bréf þar sem fráviki er lokað eða þá að fallist er á úrbótaáætlun rekstraraðila. Í bréfinu skal fjalla stuttlega um í hverju úrbótaáætlun eða úrbætur starfsleyfishafa vegna hvers fráviks um sig felast.

2. Eftirfylgni – greining á úrræðum

Fari svo að rekstraraðili bregðist ekki við innan þess frests sem honum er veittur við útgáfu eftirlitsskýrslu, skal eftirlitsaðili bregðast við og hefja eftirfylgni eftirlits.

Frávik eða brot er greint og metið hvaða úrræði er til þess fallið að ná fram efndum á skyldu eða leiðréttingu á framkvæmd. Val á þvingunarúrræði byggist á meginreglum stjórnsýsluréttar.

Bregðist starfsleyfishafi ekki við kröfum sem settar eru við útgáfu eftirlitsskýrslu, skal eftirlitsaðili almennt sjá til þess að eftirfylgnibréf sé sent innan tveggja mánaða frá lok frests sem starfsleyfishafa er veittur.

Í flestum tilfellum, er mál hafið með því að senda bréf með áformum um áminningu, sem er vægasta stjórnsýsluúrræði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og því í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar. Sé sú staða fyrir hendi að mikil hætta stafi af viðkomandi fráviki eða ástandi, getur verið að grípa þurfi til róttækari aðgerða, eins og t.d. stöðvun vegna bráðahættu á grundvelli 63. gr. laga nr. 7/1998. Í vissum tilvikum getur verið ástæða til að vísa erindinu til lögreglu.

2.1 Möguleg úrræði:

Skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir standa heilbrigðisnefndum nokkur stjórnsýsluúrræði til boða þegar stendur til að knýja fram efndir á skyldu sem á rekstraraðila hvílir skv. starfsleyfi, reglugerðum eða lögum. Úrræðin eru eftirfarandi:

1. Áminning, áminning og frestur til úrbóta sbr. 60. gr. laga nr. 7/1998
2. Dagsektir sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998
3. Úrbætur á kostnað rekstraraðila sbr. 2. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998
4. Stöðvun/takmörkun rekstrar sbr. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 7/1998
5. Stöðvun vegna bráðahættu sbr. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 7/1998+

Auk þessa, skulu heilbrigðisnefndir skv. 2. mgr. 55. gr. laganna upplýsa Umhverfisstofnun um frávik þar sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum skv. 67. gr.

3. Áform um aðgerðir

Eftirlitsaðili sendir bréf þar sem fram koma áform um aðgerðir, þ.e.a.s. það þvingunarúrræði sem beitt verður í viðkomandi máli, sem er þá oftast áminning til að byrja með. Í bréfinu skal starfsleyfishafa veittur t.d. tveggja vikna frestur til andmæla, úrbóta eða til þess að senda eftirlitsaðila úrbótaáætlun. Eftirlitsaðili tekur afstöðu til þeirra andmæla sem berast.

4. Ákvörðun um aðgerðir

Bregðist rekstraraðili ekki við kröfum eftirlitsaðila innan andmælafrests, eða framkvæmi ófullnægjandi úrbætur, skal eftirlitsaðili skrifa bréf þar sem fram kemur ákvörðun um aðgerðir. Í bréfinu skal starfsleyfishafa veittur t.d. tveggja vikna frestur til andmæla, úrbóta eða til þess að senda eftirlitsaðila úrbótaáætlun.

Hafi þvingunarúrræði ekki tilætluð áhrif innan veitts frests þarf að beita frekari þvingunarúrræðum þar til starfsleyfishafi hefur orðið við kröfum eftirlitsaðila. Eftirlitsaðili skal þá fara aftur í lið nr. 3 og ákveða næsta skref. Þessu er fram haldið þar til úrbætur hafa verið gerðar.

6. Birting og tölvupóstur

Starfsleyfishafa skal sendur tölvupóstur með bréfi í viðhengi. Sé um ákvörðun að ræða, t.d. áminningu, skal viðkomandi bréf birt á vefsvæði starfsleyfishafa.

7. Lok máls/samþykkt úrbótaáætlunar

Ef starfsleyfishafi skilar úrbótaáætlun til eftirlitsaðila fer eftirlitsaðili yfir áætlunina og athugar hvort hún sé fullnægjandi. Sé áætlunin fullnægjandi, skal starfsleyfishafa sent bréf þar sem fram kemur að úrbótaáætlunin sé samþykkt. Standi rekstraraðili ekki við úrbótaáætlunina, er málið tekið aftur upp þegar frestir renna út (t.d. þegar um er að ræða gagnaskil) eða eftir að úrbætur hafa verið teknar út í næsta eftirliti.

Ef starfsleyfishafi sendir eftirlitsaðila staðfestingu á því að bætt hafi verið úr fráviki, útbýr eftirlitsaðili málslokabréf þar sem fram kemur að bætt hafi verið úr fráviki og að málinu sé lokið.